



Íslendingurinn Guðrún Björt Yngvadóttir er fyrsta konan til að taka við hlutverki alheimsforseta Lionshreyfingarinnar:

# „Lions hefur marga snertifleti við landbúnað“

Erla Hjördís  
Gunnarsdóttir  
ehg@bondi.is



Fyrsti kvenkyns alþjóðaforseti Lions-hreyfingarinnar tók til starfa fyrr á þessu ári og svo skemmtilega vill til að það er Garðbæingurinn Guðrún Björt Yngvadóttir. Hún segir það mikinn heiður og traust sem henni var sýnt með kosningunni og tóku við krefjandi tímar hjá Guðrúnu sem ferðast nú heimshorna á milli til að halda merkjum Lions á lofti og gera heiminn um leið að betri stað til að búa á.

„Ég hef verið 26 ár í Lions en mér var boðin þátttaka í skemmtilegum Lionsklúbba á þeim tíma og ákvað að slá til. Ég þekkti Lions vel því maðurinn minn er búinn að vera félagi lengi og margir okkar bestu vina voru og eru í Lions. Mér fannst þetta spennandi félagsskapur, með merkileg markmið. Það er gefandi og gaman að vera félagi í stærstu samtökum í heimi sem sinna mannúðar- og menningarmálum,“ segir Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrsti kvenkyns alþjóðaforseti Lions-hreyfingarinnar.

## Bjórleiðtogar og stjórnstjórnur

Fyrr á þessu ári var Guðrún Björt valin til að sinna forsæti í



Guðrún Björt Yngvadóttir, alheimsforseti Lionshreyfingarinnar klippir á borða við opnun nýrrar drykkjarvatnsstöðvar í barnaskóla í Tansaníu.



Í Kraká í Póllandi með Má Gunnarsyni, tónlistarmanni frá Reykjanesbæ, sem tók þátt í alþjóðlegri tónlistarkeppni Lions fyrir blinda og sjónskerta og náði öðru sæti með glæsibrag. Á myndinni er einnig eiginmaður Guðrúnar og félagi í Lions, Jón Bjarni Þorsteinsson læknir.

alheimsamtökum Lions og var hún fyrst kvenna valin til starfans. Frá því að hún tók við hefur lífið

einkennst af miklum ferðalögum og fundum við fólk alls staðar að úr heiminum.

„Þetta er mikill heiður og traust að vera valin sem alþjóðaforseti Lions en sömuleiðis mikil ábyrgð og vinna. Fyrir mig persónulega er þetta spennandi áskorun og ég er sannfærð um að ég geti komið góðu til leiðar,“ útskýrir Guðrún og segir jafnframt:

„Það að vera fyrsta konan til að gegna þessu embætti í 100 ára sögu Lions er alveg ótrúlega magnað. Í því felast mörg tækifæri, vegna þess hve mikla athygli það vekur. Það hefur opnað margar dyr fyrir Lions og ég hef fengið mörg tækifæri sem fyrirrennarar mínir fengu ekki, eins og til dæmis að hitta mjög upptekna bjórleiðtoga og stjórnstjórnur sem ég hef getað fengið með okkur til að leggja Lions lið.“

## „Ísland er ótrúlega stórt land“

Það er einnig markvert að fyrsti kvenkyns forseti Lions komi frá Íslandi og segir Guðrún það víða hafa vakið athygli þar sem hún kemur.

„Það er spennandi að fyrsta konan sem er forseti samtakanna skuli koma frá Íslandi, það hefur vakið svo skemmtilega mikla athygli á landinu að mér finnst stundum að ég sé komin í ferðabransann eða orðin sölumaður íslenskra afurða og þekkingar. Ég er stolt af uppruna mínum og mér finnst gaman að tala um landið mitt og menningu og gefa góð dæmi frá Íslandi. Við erum leiðandi á mörgum sviðum og mér finnst svo ánægjulegt hve Íslandsáhugi er mikill,“ segir Guðrún og bætir við:

„Til gamans get ég sagt frá því að í innsetningarræðunni minni benti ég á að það væri margt í fyrsta sinn núna. Til dæmis væri ég „fyrsti Íslendingurinn“ til að verða alþjóðaforseti Lions, en allir átta von á því að ég nefndi að ég væri „fyrsta konan“ svo það var hátt hlegið í höllinni. Þess vegna er ég oftast kynnt sem „fyrsti Íslendingurinn“ og leiðtogi stærstu þjónustuhreyfingar í heimi. Forsetinn ber ábyrgð á rekstrinum og þarf að taka stórar ákvarðanir. Auk þess að vinna með starfsfólki á skrifstofunni við þróun verkefna þarf að stjórna fundum alþjóðastjórnar og ýmissa nefnda. Forsetinn er aðalgestur á Lionsþingum sem eru haldin í hverri heimsálfu og þarf að tala og svara fyrirspurnum á 4–5 fundum á dag (í 3–4 daga), svo það liggur mikil vinna í undirbúningi og að setja sig inn í stöðu mála á hverjum stað. Svo er bara haldið áfram til næsta lands. Við erum heima um 2–3 daga í mánuði,“ segir Guðrún sem leggur áherslu á mikilvægi þess að heimsækja sem flest Lionslönd og að hitta sem flesta félagi í samtökunum.

## Mikilvægt að hlusta og hvetja til dáða

Starf Guðrúnar er viðamikíð enda



Guðrún Björt ferðast mikið vegna nýja starfsins en hér er hún með Special Olympics-sigurvegurum frá Nígíeríu.



Þau eru fjölbreytt verkefni sem Guðrún Björt tekur að sér sem forseti alheims-hreyfingar Lions en hér er hún við trjáplöntun í Ísrael.



Guðrún Björt afhendir borgarstjórnunum í Strassborg „Friðarveggsjald“ Lions (Peace Poster).

er Lions-hreyfingin með eina og hálf milljón félagi í 210 löndum og eru höfuðstöðvarnar í Chicago í Bandaríkjunum með um 300 manna starfslið.

„Þetta er full vinna og rúmlega það, starfið er viðamikíð og flókið. Forsetinn er bæði stjórnandi „margmilljón dollara fyrirtækis“ og leiðtogi stærstu þjónustuhreyfingar í heimi. Forsetinn ber ábyrgð á rekstrinum og þarf að taka stórar ákvarðanir. Auk þess að vinna með starfsfólki á skrifstofunni við þróun verkefna þarf að stjórna fundum alþjóðastjórnar og ýmissa nefnda. Forsetinn er aðalgestur á Lionsþingum sem eru haldin í hverri heimsálfu og þarf að tala og svara fyrirspurnum á 4–5 fundum á dag (í 3–4 daga), svo það liggur mikil vinna í undirbúningi og að setja sig inn í stöðu mála á hverjum stað. Svo er bara haldið áfram til næsta lands. Við erum heima um 2–3 daga í mánuði,“ segir Guðrún sem leggur áherslu á mikilvægi þess að heimsækja sem flest Lionslönd og að hitta sem flesta félagi í samtökunum.

„Það er nauðsynlegt að veita upplýsingar, hlusta og hvetja til dáða. Lionsklúbbar

sinna þjóðprifamálum í sinni heimabyggð. Ég tek þátt í mikilvægum viðburðum með Lions og fagna sigrum með þeim. Í þessum heimsóknum hitti ég þjóðarleiðtoga, ráðherra og borgarstjóra og ráðamenn í atvinnu- og viðskiptalífi. Síðan eru haldnir margir blaðamannafundir og sjónvarpsviðtöl, þannig að viðfangsefnið eru ansi fjölbreytt.“

## Hálfgærðir Lions-skógarbændur á Íslandi

Þar að auki eru ýmsir viðburðir sem þarf að sinna með samstarfsaðilum, svo sem Sameinuðu þjóðunum, ýmsum nefndum og stofnunum SP og fleirum, svo sem Special Olympics. Alþjóðlegi Hjalparsjóður Lions veitir árlega yfir 50 milljónir dollara í styrki á verkefnum á sviði mannúðar- og menningarmála og vegna náttúruhamfara.

„Lions hefur marga snertifleti við landbúnað, bæði beint og óbeint. Það fer eftir hverjum klúbba eða hverju landi, eða jafnvel heimsálfu hvernig það birtist, Lions er starfrækt í 210 löndum í öllum heimsálfum. Á alþjóðavísu erum við í samstarfi við FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Þar eigum við fulltrúa sem tekur þátt fyrir hönd Lions að móta stefnu og vinna að markmiðum SP, meðal annars að sjálfbærni, umhverfis- og loftslagsmálum, baráttu gegn hungri, bættari heilsu og heilbrigðum lífsstíl,“ útskýrir Guðrún.

Aðalverkefni Lions eru Baráttan gegn sykursýki. Umhverfismál. Baráttan gegn hungri. Sjónvernd og Barnakrabbamein. Fyrstu þrjú flokkarnir tengjast innbyrðis á margan hátt, m.a. í gegnum landbúnaðinn.

„Lions í Evrópu hefur beint sjónum sínum að betri nýtingu landbúnaðarafurða, vinnur gegn matarsorum, að fækka kolefnissporum og betri nýtingu afurða úr heimabyggð; við bendum á hollustuna og efnahagslegan ábata. Mörg Lions-umdæmi í Evrópu vinna að verkefnum í þróunarlöndunum, metta hungraða með aðstoð við ræktun grænmetis og ávaxta eða gefa húsdýr (geitur, hænur o.fl.) til fæðuframleiðslu. Lions á Íslandi eru þátttakendur í ofanskráðu með einum eða öðrum hætti. En mig langar að nefna sérstaklega umhverfisverkefnið okkar sem er heimsþekkt hjá Lions. Kvikmyndatökulið kom sérstaklega til Íslands til að gera myndband um verkefni okkar á þessu sviði. Allir Lionsklúbbar á Íslandi sinna ýmsum umhverfisverkefnum, til dæmis trjáplöntun, landgræðslu, vinnu gegn uppblæstri, við að hreinsa strendur og náttúru. Lionsfélagar á Íslandi eru hálfgærðir skógarbændur.“

## Svínapestin í Evrópu:

# Danir setja milljarð í villisvínagrindverk

Danskir bændur eiga ekki í vandræðum með að taka þátt í að punga út hátt í milljarði íslenskra króna til að setja upp villisvínagrindingu á landamærum Danmerkur og Þýskalands. Þetta gera þeir til að koma í veg fyrir að afrísk svínapest smitist til landsins.

Afrísk svínapest dreifir sér eins og eldur í sinu og er Evrópa ekki undanskilin. Sjúkdómurinn finnst alla leið austur til Kína og vestur til Belgíu. Í Austur-Evrópu hefur sjúkdómurinn dreift sér með

villisvínunum en hingað til hefur hann ekki náð til Skandinavíu en yfirvöld landbúnaðarmála í þeim löndum hafa áhyggjur, einnig í Danmörku. Til að minnka líkur á smiti hefur nú verið ákveðið að setja upp villisvínagrindingu við landamæri Danmerkur og Þýskalands. Forsvarsmenn danska svínasjóðsins hafa nú ákveðið að fjármagna verkefnið með um 400 milljónum íslenskra króna en verkefnið mun kosta hátt í milljarð íslenskra þegar það verður yfirstaðið.

/ehg-Bondebladet

## Evrópusambandið:

# Erfiður vetur fyrir kúabændur

Kúabændur í Evrópusambandinu sjá mínustölur í hverjum mánuði í rekstri sínum og nú óttast þeir að fódurkostnaður muni aukast til muna eftir hið mikla þurrkasumar. Það eru sérstaklega kúabændur í Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku, Belgíu, Lúxemborg og Hollandi sem eru угганди yfir stöðu sinni.

Samkvæmt nýlegri skýrslu Skrifstofu dreifbýlismála í Evrópusambandinu kemur í ljós að meðalframleiðslukostnaður mjólkur í löndunum sem eru nefnd hér að ofan á árunum 2013-2017 sé um 41-46 sent á meðan framleiðendur fengu fyrir vörur sínar á bilinu 32 og 35 sent. Það voru eingöngu þessi sex lönd sem tekin voru með inn í könnunina og sýnir svo ekki verður um villst að mjólkurbændur þessara landa sjá mínustölur í rekstrinum hver mánaðamót. Í

framleiðslukostnaðnum upp á 41-46 sent er reiknuð innkoma til bóndans en beingreiðslur eru dregnar frá, innkoma af kjötsölu er einnig dregið frá. Kostnaður vegna landsvæðis og fjárhags er ekki með í reikningsdæminu.

Erwin Schöpges er mjólkurbóndi í Austur-Belgíu og segist eingöngu geta haldið þessu áfram því beingreiðslur og aðstoð komi utan að frá, úr öðrum áttum og að svona geti þetta ekki gengið endalást. Hann, líkt og kollegar hans, óttast veturinn vegna hærri fódurkostnaðar og leggst nú á bæn um að mjólkurverð fari upp á við. Það sé mikilvægara en aldrei fyrr að leggja grunn að stöðugum mjólkurmarkaði sem hluta af umbótum sameiginlegrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

/ehg-Bondebladet